

1865.  
23. sept.

stjórnin sér sér ekki fært að halda lengra úti þetta mál, af því að dómismálastjórnin að sínu leyti vill ekki ganga að uppástungu yðar, bæði vegna þess að skilmálarnir við jarðskipti þessi eru óhaganlegir fyrir ríkissjóðinn, og af því að Eystriskógar liggja í annari sýslu, og það væri erfðleikum bundið þessvegna, ef þeir væri lagðir undir Kirkjubæjar klausturs umboð.

26. sept.

**79. Bréf dómismálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um borgun fyrir lækna-kennslu af fè Möðrufells spítala.**

Í bréfi dagsettu 28. júnímán. f. á. var yður tilkynnt bréf dómismálastjórnarinnar s. d. til biskupsins yfir Íslandi, og var í því ákveðið, að þeim 600 rd., sem eptir allrahæstum úrskurði 29. ágústmán. 1862 fyrst um sinn árlega er varið af fè lækna-sjóðsins til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum á Íslandi, skuli skipt jafnt niður á sjóði allra fjöggra spítalanna, og að þessvegna þeir 150 ríkisdalir, sem árið 1863 voru greiddir fyrir Möðrufells spítala af fè Hörgslands- og Kaldadarnes spítala, skuli endurgoldnir sjóðum þeirra af fè hins fyrstnefnda spítalans. Þér hafið þessu næst, herra amtmáður, í bréfi dagsettu 7. októbermán. f. á., farið þess á leit, að sleppa megi tillagi því, sem hér ræðir um, af fè Möðrufells spítala til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum, og að kostnaðinum til kennslunnar sè skipt niður á fè hinna þriggja spítalanna, eða þá að borgun tillagsins sè skotið á frest, þangað til hin nýja tilhögun á tekjum spítalanna, sem fyrirhuguð er, komist á. Með tilliti til þessa hafið þér einkum tekið tvennt fram: fyrst, að ef hinn áðurnefndi úrskurður dómismálastjórnarinnar væri framkvæmdur, þá mundi af því leiða, að þeir sem eiga þiljuskip í norður- og austurumdæminu — en þeir hafa skuldbundið sig á sáttafundum til að gjalda spítalahlut af hákallaveiðum sínum, þó með því skilyrði, að fè Möðrufells spítala einungis sè varið norður- og austurumdæminu í hag og fyrir engan mun til þess að stofna spítala

í Reykjavík eða til læknakennslu þar — mundu skorast undan að borga gjald þetta framvegis, en það er hêrumbil 100 rd. á ári, og yrði spítalinn þá, til þess að fá skaða sinn bættan, að fara í mál við þá, sem óvíst er hvernig færi, og í öðru lagi, að haft sé í hyggju að byggja sjúkrahús á Akureyri, og að menn ætli sér að sækja um styrk til þess af fê Möðrufells spítala.

Dómsmálastjórnin fær samt ekki séð, að orsök sé til af ástæðum þeim, sem þér, herra amtmaður, hafið tekið fram, að skilja Möðrufells spítala undan því, að greiða tillag sitt til læknakennslunnar hjá landlækninum, þar sem hún er stofnsett handa öllu landinu, og það því síður, sem nú er haft í hyggju að breyta gjaldinu til spítalanna í peningagjald. Með því að dómsmálastjórnin vegna þessa ekki getur fallizt á uppástungur yðar, eruð þér bednir um, án frekari tafar að endurgjalda Kaldaðarnes spítalaskjóði fê það, sem úr honum hefir verið borgað fyrir Möðrufells spítala til kennslu í læknisfræði hjá landlækninum.

Þar sem þér að síðustu hafið farið þess á leit, að ef dómsmálastjórnin fellst á uppástungur yðar, þær sem rædt er um hêr að framan, megi prenta reikninga Möðrufells spítala framvegis ásamt með reikningunum fyrir fê hinna annara stofnana, sem þér hafið umráð yfir, þá getur stjórnarráðið ekki heldur gengið að þessum tilmælum yðar, þarámóti verður úrskurður dómsmálastjórnarinnar 25. maímán. f. á. um þetta atriði að standa óraskaður.

## 80. Brêf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtsmansins yfir Íslandi, um byggingu á útihúsi nokkru í Reykjavík.

Eins og sjá má á fylgiskjölum þeim, sem hingað hafa send verið með brêfi stiptamtsins 15. júnímán. þ. á., hefir byggingarnefndin í Reykjavík eptir tilmælum Jónasar Guðmundssonar, kennara við hinn lærða skóla í Reykjavík, lýst því yfir, að ekkert væri af hennar hálfu á móti því, að hann byggði lítið

1865.

26. sept.

29. sept.